

Framkvæmdanefnd

Fundur 14. mars 2022 kl. 9:00-12:00

Mætt eru: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður, Einar Már Sigurðarsson, Skúli S. Ólafsson sem ritar fundargerð og Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu.

Fasteignir, Ásta Guðrún Beck og Arnór Skúlason mæta á fundinn.

1. Skeggjastaðir, ekki er búið að finna tíma með sóknarnefnd fyrir fund.
1. Reykholt skemma. 2022-02-59.
Málið varðar skemmu í Reykholti sem ríkið að öllum líkindum á. Ganga þarf frá viðeigandi skjölum til þess að koma þinglýstu eignarhaldi í rétt horf. Þarna er óvirkur lóðaleigusamningur sem ætti að vera í gildi. Sýslumaður virkjar hann að nýju. Sá sem var með samninginn seldi hann ríkinu. Engin gögn eru um þá ráðstöfun. Koma þarf gögnum í rétt form svo að lóðaleigusamningur verði felldur úr gildi og gerður nýr samningur við ríkið. Nefndi skrifar undir nauðsynleg skjöl svo hægt sé að vinna málið áfram.
2. Ránarbraut 7, Vík. Prestsetrið. Prestsetrið í Vík þarfnast viðgerðar en lítið hefur verið gert við húsið síðustu ár. Nýr prestur tekur við í Vík fljótlega. Samþykkt er að skoða hvort hægt sé að finna hentugra húsnæði fyrir prestinn og selja núverandi prestsetur.
3. Aðalstræti 40 Þingeyri. 2022-03-82
Málið varðar eftirgjöf á hluta lóðar. Með því að minnka lóðina við húsið má búa til rými fyrir nýja lóð við húsið. ÞK á lóðaréttindin. Þetta fæli í sér örlitla lækkun fasteignagjalda og leigu. Nefndin samþykkir eftirgjöf á lóð.
4. Hvítárbakki húsaleigusamningur. 2022-03-90
Skálholt
Málið varðar húsaleigusamning um húsnæði fyrir nýjan prest í Skálholti. Prestsbústaður í Skálholti er ekki laus til afnota fyrr en um mitt sumar 2022 og þá þarf mögulega að fara í viðgerðir á húsnæðinu. Annað húsnæði er ekki laust í Skálholti. Samþykkt að leigja tímabundið húsnæði sem verður áframlengt til sóknarprests.
5. Reykholt túnasamningur. 2021-07-297
Málið varðar leigu á túnum og endurgjald fyrir afnotin.
Stofnaður var hópur um framtíðarnýtingu í Reykholti. Kanna þarf hvernig vinnu þess hóps miðar. Talsverð óvissa er um fyrirkomulag þessara verðmæta sem varða bæði fasteignir, jarðir og hitaveituréttindi.
6. Desjarmýri Selshús lóðarleigusamningur. 2021-10-432
Málið varðar endurnýjun á lóðarleigusamningi undir sumarhús.
Óskað er eftir endurnýjun á lóðaleigusamningur.
Nefndin er upplýst og setur sig ekki á móti leigunni. Nefndin fellst á að undirrita skjal þessa efnis.
7. Vogsósar lóð lóðarleigusamningur. 2022-02-63
Málið varðar endurnýjun á lóðarleigusamningi. Vinna þarf að skráningu á lóðinni.
Þarna mætti skoða til framtíðar heilsársbúsetu.
8. Valþjófsstaðir rannsóknarheimild. 2021-10-419
Málið varðar undirritun á rannsóknarheimild til Landsvirkjunar sem kirkjuráð hafði tekið ákvörðun um að veita. Gögnum er safnað til að kanna hversu fýsilegt er að nýta

vindorkuna á þessu svæði. Heimildin felst ekki í leyfi til að reisa mannvirki á svæðinu. Heimildin er til tíu ára. Nefndin samþykkir að veita þessa heimild. Einnig þarf að skoða rétt þK gagnvart Óbyggðanefnd sem vill mögulega taka yfir þessa jörð.

9. Heydalur.

Arnór segir að búið sé að taka húsnæðið í gegn og er það eins og best verður á kosið. Kannað verður með möguleikann á því að presturinn bíði með að flytja sig yfir þar til í sumar. Taka þarf ákvörðun um það hvað á að gera með þessar eignir ef þær verða ekki nýttar sem prestsetur. Hlunnindin þarf að varðveita og þá fjárfestingu sem hefur verið sett í eignirnar.

10. Tilboð hafa borist í fasteign á Vopnafirði. Ákveðið að taka hæsta tilboðið, 32 milljónir.

Ragnhildur Ásgeirsdóttir kom á fundinn og ýmis mál er varða starfsfólk rædd.